

Staðgreiðsla 2018

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í tveimur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 893.713 kr.	36,94%
Af fjárhæð umfram 893.713 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 53.895 kr.

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 893.713 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

36,94%	af fyrstu 205.676* kr.
46,24%	af launum umfram 205.676 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $10.724.553/365 * 7 = 205.676$

Persónuafsláttur á mánuði er 53.895 kr.

Persónuafsláttur ársins 2018 er 646.739 kr. eða 53.895 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2018 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 53.895 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 26.947 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 24.806 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 12.403 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 646.739 X dagafjöldi launatímabilsins
365

Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2003 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2018 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 eða í vefskilum skal til-taka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,85%

Tryggingagjald er 6,75%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,85%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 5,40%
- Atvinnutryggingagjald 1,35%
- Tryggingagjald alls 6,75%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,05%
- Markaðsgjald 0,05%
- **Samtals til staðgreiðslu 6,85%**
- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum] 7,50%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 (áður E-101) gilda sérstakar reglur.

Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa-fyrirtæki og tryggingafélög auk Íbúðalánasjóðs. Skatt-hlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Leiðbeiningar vegna rafrænna skila á staðgreiðslu á þjónustuvef RSK, skattur.is

Kennitala: Í staðgreiðsluskilum er færð inn kennitala launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings.

Laun og hlunnindi: Færð eru inn laun, bifreiðahlunnindi, staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur og staðgreiðsluskyldir dagpeningar. Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun og hlunnindi.

Persónuafsláttur: Nýting persónuafsláttar.

Persónuafsláttur maka: Ef nota á persónuafslátt maka þarf að færa hann sérstaklega inn.

Prepaskipti: Ef hluti launa á að reiknast í 2. skattþrepi skal færa mismuninn í reitinn "Par af í þrepi 1".

Lífeyrissjóður: Færa þarf inn iðgjald sem greitt er í lífeyrissjóð (4% lögbundið iðgjald og allt að 4% iðgjald í séreignasjóð).

Kennitala	Nafn	ÍSAT	ÍSTARF	Starf%	
0707689999	Árni Jónsson	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/> Starfsmaður er hættur					
Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iðgjald í lífeyrissjóð	Skattstofn
385.000	+	+	+	- 15.400	= 369.600
Reiknuð staðgreiðsla	Persónuafsláttur	Persónuafsl. maka	Greidd staðgreiðsla	Par af í þrepi 1	369.600
136.530	-	-	= 82.635	Par af í þrepi 2	

[Nánar um þrepin](#)

Sundurliðun launamanna samtals					
Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iðgjald í lífeyrissjóð	Greidd staðgreiðsla
385.000				15.400	82.635

Tryggingagjald o.fl.					
Laun og aðrar greiðslur	Mótframlag launagreiðanda	Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu	Iðgjald v/slystr. sjómanna	Reikna	Tryggingagjald
385.000	38.500			Reikna	29.010

Mótframlag: Skilagrein reiknar mótframlag 10% á móti 4% iðgjaldi í lífeyrissjóð en breyta má mótframlagi í lífeyrissjóð ef greiðslur eru aðrar. Ef launþegi er 70 ára eða eldri á ekki að greiða iðgjald né mótframlag. Börn 15 ára og yngri greiða ekki í lífeyrissjóð.

Tryggingagjald: Smella þarf á „Reikna“ til að skilagreinin reikni tryggingagjaldið. Einnig er hægt að handfæra inn í reitinn ef þess er þörf.

Ökutækjastyrkur utan stgreiðslu: Færa þarf inn ökutækjastyrk utan staðgreiðslu samkvæmt akstursbók.

Rafrænn persónuafsláttur

Yfirlit fyrir launagreiðendur

Á þjónustusíðu RSK, skattur.is, er sótt yfirlit yfir nýttan persónuafslátt ársins sem launamenn framvísa hjá launagreiðanda sínum. Á launamönnum hvílir nú sú skylda að upplýsa launagreiðendur sína um nýtingu persónuafsláttar. Auk þess þarf hann að tilgreina í hvaða skattþrepi reikna á skatt hans, ef ekki í því lægra.

Að gefnu tilefni eru launagreiðendur minntir á að loka á nýtingu persónuafsláttar þegar launþegi hættir störfum. Hefji starfsmaður störf aftur skal gæta þess að nýta ekki uppsafnaðan persónuafslátt, fá þarf staðfestingu af þjónustuvef ríkisskattstjóra, www.skattur.is.

Ofnýting á persónuafslætti

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að stöðva nýtingu persónuafsláttar launamanna komi til ofnýtingar. Með auknu samtímaeftirliti geta launagreiðendur í slíkum tilvikum átt von á að fá boð frá ríkisskattstjóra um að hætta notkun á persónuafslætti tiltekins launamanns tímabundið þangað til ofnýting hefur verið leiðrétt. Þegar launamaður lætur af störfum er mikilvægt að launagreiðandi skrái hann út úr launakerfi þannig að ef hann kemur aftur til starfa þurfi hann á ný að upplýsa launagreiðanda um nýtingu á persónuafslætti sínum.

Samkvæmt 12. gr. staðgreiðslulaga nr. 45/1987, ber launamanni að gera launagreiðanda sínum grein fyrir nýtingu persónuafsláttar og bera þeir sameiginlega ábyrgð á ráðstöfun hans þar til launagreiðslum lýkur. Sama gildir ef nýttur er persónuafsláttur frá maka. Ef launamaður starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda ber honum að gera þeim grein fyrir hlutfallslegri nýtingu á persónuafslætti sínum.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI Leiðbeiningar

Almennt Framtal Vefskil Samskipti

Yfirlit

- Staðfest afrit framtals
- Álagningarseðill
- Útsvar
- Staðgreiðsluskrá RSK
- Innkomnar upplýsingar
- Ókutækjaskrá
- Innheimtumaður ríkissjóðs
- Fyrirtækjaskrá RSK
- Stillingar
- Velfylklar
- Mínar stillingar
- Bankaupplýsingar
- Útskráning

Rafrænn persónuafsláttur

3. janúar 2017 10:30:06 Tekjuár: 2017

Samkvæmt stöðu í staðgreiðsluskrá í dag, 3. janúar 2017, virðist Jóhannes Jónsson, kt. 180181-8889 hafa nýtt persónuafslátt að fjárhæð kr.0 á tekjuárinu þessi staða miðast við staðgreiðsluskil á 1. mánuði tekjuársins.

Persónuafsláttur maki

Samkvæmt stöðu í staðgreiðsluskrá í dag, 3. janúar 2017 virðist maki þinn Sigrún Jónsdóttir, kt. 090979-7799 hafa nýtt persónuafslátt að fjárhæð kr.0 á tekjuárinu 2017.

Ráðstöfun persónuafsláttar Staðgreiðsluyfirlit Sækja Pdf

Upplýsingar

Hér er sýndur útreikningur á áætlaðri nýtingu persónuafsláttar. Launagreiðendur skila ekki upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar og því er afsítturinn bakreiknaður út frá öðrum stærðum. Hafa ber það í huga þegar nákvæmni upplýsinga um ráðstöfunina er metin.